



...



FRÉTTABRÉF DESEMBER 2022




Dökk skýrsla um streymismarkaðinn

GESAC, Evrópusamtök höfundaréttarfélaga, sem STEF á aðild að, sendi nýlega frá sér skýrsluum streymismarkaðinn, eftir umfangsmikla greiningarvinnu. Framkvæmdin kemur í kjölfarstigvaxandi gagnrýni og krafna listamanna, ekki síst höfunda, um sanngjarnaritektjuskiptingu.

Streymismarkaðurinn hefur vaxið gríðarlega á undanförnum árum, en tekjur þeirra sem skapatónlistina hafa þó engan veginn vaxið í samræmi. Áherslan innan geirans hefur einkum verið vægið milli útgefenda og flytjenda, á meðan höfundar og aðrir rétthafar virðast hálfgerðafgangsstaðir. Í sem stystu máli er niðurstaða skýrslunnar sú, að þóknun til höfunda sé óviðunandi lág miðað við mikilvægi þeirra framlags.

[Hér má sjá samandregnar helstu niðurstöður skýrslunnar](#) og helstu úrbótartillögur sem GESAC leggur fram.



Flokkunarkerfið afnumið

Á aðalfundi fulltrúaráðs sl. vor var ákveðið að leggja af flokkunarkerfi STEFs frá og með næstu áramótum. Eftirleiðis hafa því öll tónverk sömu vigt og vægi, hvernig sem þau eru í laginu (lengd skiptir þó eðlilega áfram máli).

Lengi hafði staðið styrr um þetta kerfi og það hefur verið baráttumál margra meðlima STEFs, að ekki verði gerður greinarmunur á tónverkum eftir eðli eða yfirbragði, heldur að „mínúta af einu verki sé jafngild mínútu af öðru“, svo vitnað sé í gamalt slagorð.

Auðvitað er mikilvægt að allar tónlistarstefnur eigi sinn stað innan STEFs og að fjölbreytni verði tryggð. Við aflagningu flokkunarkerfsins var því ákveðið að setja á fót „Stórverkasjóð“, í þeim tilgangi „að styðja við stærri verkefni, en til stærri verkefna telst frumsköpun verka í stóru formi, heildstæð tónlistarverkefni eins og tónsmíðar og textagerð fyrir heila plötu, sem og að færa stærri verk eða heildstæða efnisskrá í stærri og viðameiri búning“, eins og segir í samþykktum sjóðsins, sem hægt er að kynna sér [náðar á heimasíðu STEFs](#).



Kantötur


Dagur íslenskrar tónlistar 2022

Dagur íslenskrar tónlistar var að vanda haldinn hátíðlegur í Hörpu 1. desember. Venju samkvæmt voru við tilefnið veittar viðurkenningar. Nýsköpunarverðlaun hlaut viðburða-appið [Gjugg](#). Hvatningarverðlaunin hlaut [KÍTÓN](#), félag kvenna í tónlist. „Gluggann“ hlaut Menningarmiðstöðin [Hljómahöllin](#) í Reykjanesbæ og Útflutningaverðlaunin féllu í skaut [Laufeyjar Lín](#). Heiðursverðlaunin, „Litla fuglinn“, voru veitt blaðinu [Reykjavík Grapevine](#). Meðfylgjandi mynd af fulltrúum verðlaunahafa tók Ásgeir Helgi Þrastarson.



Vefsvæði STEFs fær andlitslyftingu

Pann 1. desember, á Degi íslenskrar tónlistar, var ný og uppfærð vefsíða STEFs opinberuð. Hún er að flestu leyti einfaldari og þægilegri í notkun en sú eldri. Aðalbreytingin felst þó í því að vefsvæðið er nú mun farsímavænna en áður, það má í raun tala um byltingu hvað það varðar. Við óskum rétthöfum til lukku og bjóðum þeim að skoða sig um á svæðinu www.stef.is.



Aðalúthlutun 2022

Aðalúthlutun 2022 nam samtals 238,1 milljón, sem er talsverð hækkun frá því í fyrra, þegar hún var alls 198,7 milljónir. Hækkunina má einkum rekja til aukinna tekna af bakgrunnstónlist á árinu 2021, en viðsnúningur varð í verslunar- og veitingarekstri eftir heimsfaraldurinn.


Breyting hefur orðið á úthlutun tekna af bakgrunnstónlist, í samræmi við nýjar úthlutunarreglur STEFs og ákvörðun stjórnar. Í þeim tilvikum sem ekki liggja fyrir skýrslur um flutning, þá er 40% fjárhæðarinnar úthlutað miðað við almennt streymi ársins á undan (Spotify o.fl.), 40% er úthlutað miðað við fyrirliggjandi lagalista fyrirtækjastreymis (e. B2B) og 20% í samræmi við útvarpsflutning.

STEF úthlutar alls 12 sinnum á ári hverju. Þar af eru tvær úthlutanir fyrir tónleikaflutning og námu þær samtals um kr. 23,6 milljónum í ár. Það er gífurleg breyting frá því í fyrra, þegar einungis var úthlutað um 7,7 milljónum vegna tónleika.

Tónleikaúthlutanir hafa þó ekki enn náð því hámarki sem var á árinu 2019. Vonir eru hins vegar bundnar við að ná því marki á næsta ári, sem verður að líkindum fyrsta eðlilega tónleikaárið eftir heimsfaraldurinn.

Áður var tekjum af bakgrunnstónlist að langmestu úthlutað miðað við útvarpsflutning, þ.e.a.s. bætt hlutfallslega ofan á eiginlegar útvarpstekjur.

Þar sem nú er talið að bakgrunnstekjur úthlutist með eðlilegri hætti en áður, þá var úthlutað í síðasta skipti skv. tillögu nefndar um „sigræn verk“ og nefndar um „dansleiki, mannfagnaði, bakgrunnstónlist og SPA“ (DMB). Þessar „sérstöku“ úthlutanir heyra sögunni til á næsta ári og verða þessar nefndir lagðar af.



[Smellið hér](#) fyrir stærri mynd

Fáeinir fréttamolar

► Þjónustukönnun STEFs 2022

Nýlega stóð STEF fyrir þjónustukönnun á meðal meðlima. Niðurstöður sýndu að almennt virðast meðlimir mjög ánægðir með þjónustu STEFs, sem er auðvitað mjög ánægjulegt fyrir samtökin og starfsfólk. Þátttakendur telja að ímynd STEFs fari sífellt batnanadi og sé vænlegri nú en nokkurn tíma.

„Mínar síður“ er það sem meðlimir nýta sér einna helst, en nokkuð bar á því að þátttakendur í könnuninni teldu að umhverfi þar mætti bæta. Þess er hins vegar vert að geta, að stuttu eftir að könnunin fór fram var stigið framfararskref að þessu leyti, þegar „Mínar síður“ fengu notendavænna farsímaviðmót. Þannig að þar horfir til betri vegar.

► Nýr samningur við Sinfó

STEF undirritaði nýjan samning við Sinfóníuhljómsveit Íslands í haust. Hann er að flestu leyti í samræmi við eldri samning, en er færður til nútímans, með því t.d. að veita hljómsveitinni leyfi til flutnings tónleika í streymi. Þá voru lágmarksgreiðslur til STEFs hækkaðar nokkuð.

► Samningur við TikTok

STEF gerði nýlega samning við TikTok vegna íslenskrar tónlistar. Samningurinn er gerður af Polaris Hub f.h. STEFs og fleiri norrænna höfundaréttarsamtaka.

Með þessu fá meðlimir STEFs einn streymis-tekjustraum til viðbótar. Samningurinn er afturvirkur að því leyti að STEF fær greitt vegna notkunar frá og með þeim tíma sem streymisveitan hóf rekstur.

Samkvæmt rannsókn Polaris hefur TikTok vaxið hratt undanfarin tvö ár á Norðurlöndunum. Rannsóknin sýndi m.a. að 30% ungmenna í Noregi á aldrinum 12-17 ára uppgötvaði þau lög sem þeim líkaði síðast við, með því að heyra þau á TikTok.

**Starfsfólk STEFs þakkar
samskiptin á árinu 2022 og
óskar meðlimum farsældar á
árinu 2023.**

